

## 64. gr.

115

Mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í sveitarsjóð. 23. okt.

Samþykktin öðlast gildi 1. nóvember 1934.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 23. október 1934.*

**Hermann Jónasson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## AUGLÝSING

116

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir 29. okt.

**Hríseyjarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Hríseyjarhrepp, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hríseyjarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

## I. Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Samþykkt þessi gildi fyrir Hríseyjarkauptún í Syðstabæjarlandi í Hrísey.

## 2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kys til 3 ára og annar er sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kys af íbúum kaupsins til jafnlangs tíma.

## 3. gr.

Formaður kveður nefnd á fund þá er honum þykir ástæða til eða hinir 2 nefndarmenn héraðslæknir eða hreppsnefnd óska. — Þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann ákveður fundarstað og tíma, ritar í gerðabók nefndarinnar allar fundarályktanir, annast bréfaskriftir og gengur eftir að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

**116** Rísi ágreiningur milli nefndarmanna má skjóta ágreiningsefninu undir úr-  
29. okt. skurð sýslumanns.

Héraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja fundi nefndarmanna og taka þátt í umræðum en ekki í atkvæðagreiðslu. Í málum er almenning varða og verulega fjárhagsþýðingu hafa, svo sem fráræslu og vatnsveitumál, skal nefndin boða til almenns fundar til umræðu um málin.

Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir gætur á að reglugerð þessari sé hlýtt. Henni er heimilt að rannsaka, eða láta rannsaka, allt það er um ræðir í reglugerð þessari og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir, sem samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Engum er heimilt að neita skoðun nefndarmanna á húsum og eignum, og er öllum skylt að færa í lag það sem ábótavant reynist um þrifnað utan húss eða innan.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sér, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fé sé veitt úr hreppssjóði að öllu eða nokkru leyti mót einstökum mönnum sem hlut eiga að máli. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu er heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

## II. Um íbúðarhús.

#### 6. gr.

Öll hús er notuð eru til íbúðar skulu vera svo gerð að unnt sé að halda þeim hreinum. Loftræsting sé og nægileg og gluggar á hjörum nægilega margir að áliti heilbrigðisnefndar. Hún getur heimtað af leigjanda eða eiganda húss að ræstuð sé herbergi, er svo eru óhrein að nefndin áliti húsbúum hættu búna.

#### 7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur heilsu manna hættu búna af íbúðinni og getur þá nefndin bannað íbúðina. Skal hún tilkynna eiganda eða leigjanda hússins bannið skriflega og færa rök fyrir og flytji þá fólkið úr húsinu áður en 2 mánuðir liða, nema húsið sé bætt á þeim tíma. Húseigandi má þá innan 8 daga skjóta úrskurði nefndar til sýslumanns, en hann leitar álits héraðslæknis og leggur síðan úrskurð á málið.

#### 8. gr.

Kjallara, sem eru niðurgrafnir, má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

**III. Um skóla.****116**

29. okt.

## 9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna að minnsta kosti tvisvar á ári. Hver sá, sem tekur til kennslu 5 nemendur eða fleiri, er skyldur að tilkynna það heilbrigðisnefnd og fá samþykki hennar um kennslustofu. Hver kennslustofa hafi að minnsta kosti 80 rúmfet á nemanda hvern. Hiti í kennslustofu má ekki vera minni að jafnaði en 20 gr. cels. Gólf í kennslustofu skal þvo daglega.

## 10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd þess vör, að nemendur eða kennarar hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það héraðslækni. Álíti hann að um sótt-næmishættu sé að ræða getur heilbrigðisnefnd bannað að kennari eða nemendur komi í skólann meðan svo er.

**IV. Um bökunarhús.**

## 11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með bökunarstofum í kaupúninu og gæta þess stranglega að þar sé gætt þrifnaðar um meðferð húss og áhalda.

Þeir menn mega ekki vinna við brauðgerð, er nokkurn næman sjúkdóm hafa, eða hafa sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum.

**V. Um verzlunarbúðir.**

## 12. gr.

Verzlunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemmitana, skulu þveg-in hátt og lágt að minnsta kosti einu sinni á ári, og gólf í þeim húsum á hverjum morgni ef þau eiga að notast að deginum. Í verzlunarbúðum, skólum og kirkjum skulu vera hrákadallar, er hreinsast í hvert sinn sem húsin eru notuð. Í þeim húsum skal loftræsting vera svo góð sem heilbrigðisnefnd ákveður.

**VI. Um fráæslu.**

## 13. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og hreingerninga, fiskþvotta-vatn eða önnur ó-breinindi, má ekki láta síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum að hætta sé á að jarðvegur saurgist. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt

**116** frá húsinu svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir nægilegt. Opin ræsi má þó  
29. okt. engin nota án leyfis nefndarinnar.

Öll skólpræsi, hvort heldur á almannaþæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn að hvergi standi í þeim pollar eða flói út úr þeim og skal hreinsa þau svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Undantekning frá ræsagerð má heilbrigðisnefnd gera fyrir hús sem ekki standa við aðalgötu, ef viðkomendur kjósa að bera skólp svo langt burt sem nefndin telur hættulaust.

#### 14. gr.

Ef ræsi eru gerð á opinberan kostnað að nokkru eða öllu leyti, skulu þeir er hús eiga þar nærri, skyldir að gera hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau ekki síður gerð en aðalræsið. Skyldir skulu eigendur síldarstöðva, lýsisbræðsluhúsa og fiskverkunarstöðva að gera ræsi frá húsum þess, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

### VII. Um vatnsból.

#### 15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum, peningshúsum, fiskþvotta eða síldarstöðvum. Má ekki láta þau fara eða nærri þeim koma neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull né neitt annað, er getur óhreinnað vatnið. Bannað er að leggja húðir eða matvæli í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

#### 16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum, salernum eða peningshúsum en svo að bilið sé 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði við heilbrigðisnefnd. Hún getur bannað að taka vatn úr brunnum um stundarsakir ef hún álitur vatnið óheilnæmt og skipa fyrir að fylla brunn, sem ekki verður talinn nothæfur. Brunnar skulu vera lokaðir, og vatn tekið með dælu.

#### 17. gr.

Heilbrigðisnefnd skipar fyrir um uppaustur og hreinsun á brunnum og vatnsþróm, svo oft sem þörf gerist. Hún skal hafa umsjón með vatnslagningum þeim sem nú eru og síðar kunna að verða lagðar og sjá um að hreinlega og tryggilega sú húið um vatnsþrær og aðrennsli að þeim.

### VIII. Um peningshús, áburð o. fl.

116

29. okt.

#### 18. gr.

Stórgripi eða sauðfé má ekki hafa í íbúðarhúsum.

#### 19. gr.

Vilji einhver byggja peningshús eða gera for eða áburðarhús skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið. Áburðar- eða sorp-  
haug er bannað að hafa fram með alfaravegi. Heilbrigðisnefnd sjái um að peningshús sé ekki byggð nær vatnsbóli en 12 metrum.

Fjós má því aðeins byggjast fast við íbúðarhús að steinsteyptir veggir sé milli og áburður fluttur burt daglega eða geymdur í lokuðu húsi. Forarveggir skulu ná  $\frac{1}{4}$  m. yfir jörð og forir lokaðar með hlerum.

#### 20. gr.

Síldarstöðvar, fiskverkunar og aðgerðarstöðvar, lýsisbræðslur og verk-  
smiðjur skulu daglega hreinsa aðgerðarpláss sín, og flytja slor, fiskúrgang, lifur o. fl. í sjó fram eða hirða í safngryfjur eða flytja burtu. Safngryfjur skulu byggðar og notaðar með eftirliti og umsjón heilbrigðisnefndar. Ílát með lifur eða fiskúrgangi má ekki geyma fram með vegum eða á þeim, heldur flytja jafn-  
óðum burtu. Flutningur slors og áburðar um vegi þorpsins fari svo hreinlega fram, að engin óþrif verði að og bera hlutaðeigendum ábyrgð á að því ákvæði sé stranglega fylgt.

#### 21. gr.

Valdi peningshús, haugar, haugstæði eða forir sem eldri eru en þessi sam-  
þykkt miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd skipað fyrir um burtflutning eða færslu þeirra. Skjóta má þó þeim úrskurði til sýslumanns, er að fengnu álitu héraðslæknis leggur úrskurð á málið.

### IX. Um salerni.

#### 22. gr.

Hverju íbúðarhúsi — þar með talinn fisk- og síldarhús sem húið er í um tíma, — skal fylgja salerni er sett sé á þeim stað sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Umbúnaður um sæti og saurilát skal vera eftir fyrir-  
mælum nefndarinnar. Hafa má salerni innan húss í sérstökum klefa ef loftsúgur er nægilegur í klefanum.

#### 23. gr.

Í salernunum skal seta, veggir og gólf jafnan vera vel hrein og saurilát tæmd jafnóðum og fyllast. Heilbrigðisnefnd segir fyrir um hvert flytja skuli saur úr salernum.

**116**

29. okt.

Ef engin salerni fylgja húsum, sem eldri eru en samþykkt þessi, eða þau eru illa gerð og óþrifaleg, getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendunum að þeir geri þau að nýju.

Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni, eitt eða fleiri, til almenningsnota á vertíðum. Kostnaður við byggingu þeirra og hirðingu greiðist úr sveitarsjóði. Síldarstöðvar og fiskveiðaúthöld greiða þó kostnaðinn hver fyrir verkfólk sitt.

## 24. gr.

**X. Um sorp og óhreinindi.**

## 25. gr.

Sorphauga eða sorpgryfjur má ekki gera nærri íbúðarhúsum. Ösku og öðru sorpi frá húsum skal safna í laus málmilát, er skulu tæmd og sorpið flutt burtu jafnóðum og full eru ílátin.

Heilbrigðisnefnd skipar fyrir um hvert flutt skuli sorpið. Hún má og með ráði hreppsnefndar ráða sérstakan sorphreinsunarmann. Kostnaðurinn greiðist þá úr sveitarsjóði.

## 26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir svo fýlulykt verði að, eða daunillt rennsli fer út á alfaravegi eða með þeim, eða inn á eignir þeirra er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim er óþrifnaðinum veldur að ráða tafarlaust bót á því.

## 27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollasta, svo sem lýsisbræðsla, fiskþvottur, síldarverkun, skal vera háður fyrirætlum og eftirliti heilbrigðisnefndar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

**XI. Um slátrun.**

## 28. gr.

Slátrun á sauðfé og stórgripum fari fram á afviknum stöðum og með eftirliti heilbrigðisnefndar. Á blóðvelli skal hafa sérstakt ílát fyrir sulli, sem skulu brendir að kvöldi hvers slátrunardags. Eigendur sláturfjár eru skyldir að hreinsa vel blóðvöll hvenær sem slátrað er.

**XII. Um matvöru.**

## 29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með verkun á fiskifangi til matvæla og sölu. Hún sér um að ekki sé höfð á boðstólum matvara, innlend eða útlend, er

sé svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna. Skal nefndinni heimilt að kaupa **116**  
sýnishorn af hverri matvöru er hún telur að skemmd sé og láta rannsaka hana **29. okt.**  
á kostnað sveitarsjóðs. Leiði sú rannsókn í ljós að varan sé skaðleg má hún  
banna seljanda að hafa vöruna á boðstólum.

30. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum frá 25 til 300 kr., er renna í  
sveitarsjóð.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1934.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. október 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## AUGLÝSING

**117**

10. nóv.

**um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt  
fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu nr. 65 frá 1929.**

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir  
fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigð-  
issamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp, nr. 65 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgar-  
fjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

1. gr.

36. gr. heilbrigðissamþykktarinnar hljóði svo:

„Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar og er óheimilt að selja  
mjólk annarsstaðar en í mjólkurbúðum, sem uppfylla þau skilyrði, sem heil-  
brigðisnefnd setur á hverjum tíma um heilbrigðisráðstafanir og hreinlæti í allri  
meðferð mjólkurinnar.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að höfð sé á boðstólum mjólk frá heimil-  
um, þar sem næmir sjúkdómar ganga eða ef kýrnar eru haldnar af smitandi  
sjúkdómi.

Berklaveikar manneskjur mega ekki hafa á hendi kúahirðingu, mjólka eða  
fara með mjólk, sem ætluð er til sölu.

Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu ef óþrifalega er farið með  
mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erf-  
itt verði að forðast að mjólkinn óhreinist.